



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvið@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1325
komudagur 25.3.2014

Á Snæfellsnesi 28. febrúar 2014

Efni: Sameiginleg umsögn sveitarfélaganna á Snæfellsnesi varðandi frumvörp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði (þingskjal 458 mál nr. 250) og breytingu á lögreglulögum (þingskjal 459 mál nr. 251)

Við þökkum Allsherjarnefnd fyrir góðan fund með fulltrúa sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

Á fundi í Borgarnesi 6. febrúar sl. kynnti innanríkisráðherra fyrirhugaðar breytingar á skipan umdæma sýslumanna og lögreglu.

Við gerum ekki athugasemdir einstakar greinar í frumvarpinu. Fögnum við áformum um reglulegt samráð við sveitarfélögin í landshlutanum og teljum það mjög mikilvægt þar sem náð samstarf þarf að vera milli ríkis og sveitarfélaga um þá þjónustu sem í boði er í nærsamfélaginu.

Við teljum mikilvægt að aðalskrifstofa verði staðsett á Snæfellsnesi og byggjum rök okkar á neðangreindum atriðum:

Árhundraða hefð er fyrir embætti sýslumanns á Snæfellsnesi, líklega lengsta hefðin á Vesturlandi fyrir embætti sýslumanns. Sýslumaður Snæfellinga, Ólafur K. Ólafsson, hefur gegnt embættinu frá árinu 1992 en áður var hann bæjarfógeti í Neskaupstað frá árinu 1988. Hann gegndi starfi verkefnastjóra fyrir þáverandi dómsmálaráðherra á árinu 2006 við breytingar á skipan lögreglu- og sýslumannsembætta, er tóku gildi 1. janúar 2007. Hann býr því að mikilli þekkingu á embættum sýslumanna og reynslu á vettvangi þeirra.

Skrifstofuhúsnæðið í Stykkishólmi er rúmgott og nýtt. Reynsla er innan embættisins að þjóna viðfemu svæði, embættið hefur verið með 2 skrifstofur á Snæfellsnesi fyrir utan aðalskrifstofuna og auk þess 3 lögregluvarðstofur. Í eitt ár hefur sýslumannsembættið einnig sinnt störfum sýslumannsins í Búðardal með góðum árangri. Innan veggja embættisins er því mikil reynsla af því að vinna með verkefni á mörgum starfsstöðum á viðfemu starfssvæði.

Á árinu 2007 tók sýslumannsembættið að sér, fyrir hönd ríkislögrelustjóra, úrvinnslu mynda úr hraðamyndavélum, sem staðsettar eru við þjóðvegi landsins. Nú starfa við það þrír starfsmenn embættisins. Frá sama tíma hefur embættið verið með landsskrá kaupmála, sem áður var í dómsmálaráðuneytinu. Um tveggja ára skeið fór embættið með þjóðlendumál ríkisins fyrir hönd forsætisráðuneytisins.

Embætti sýslumanns Snæfellinga býr því að reynslu að því að sinna ýmsum verkefnum fyrir hönd annarra embætta og ráðuneyta. Á þessari reynslu má byggja flutning annarra verkefna til embættisins t.d. bókhald fyrir aðrar stofnanir, símsvörum fyrir embætti sýslumanna eða afmörkuð verkefni eins og ættleiðingar.

Virðingarfyllst, fyrir hönd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi


Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri



Afrit: Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir




Innanríkisráðherra
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Á Snæfellsnesi 28. febrúar 2014

Efni: Fundur með fulltrúum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi vegna breytinga á lögum um sýslumenn og lögreglustjóra.

Fulltrúar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi óska eftir fundi með innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur vegna frumvarpa til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði og breytingu á lögreglulögum.

Virðingarfyllt, fyrir hönd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi



Gyða Steinsdóttir, bærarstjóri



Fylgigögn: Afrit bréfs til Allsherjar- og menntamálanefndar dags. 28. febrúar 2014.